

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn fimmtudaginn 8. október 2015, kl 15.00. Fundurinn er haldinn í fjarfundi.

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir og Sigurður Hreinsson. Formaður kynnti að Pétur G Markan hefði forfallast og ekki tókst að boða varamanns í hans stað vegna skamms fyrirvara. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar 17. september 2015

Fundargerð var send út í tölvupósti til stjórnar en óskast nú formlega staðfest.

Fundargerð samþykkt.

2. 60. Fjórðungsþing Vestfirðinga

a. Ályktanir

Kynntar ályktanir 60. Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið á Patreksfirði 2. og 3. október s.l..

- Drög að stefnumótun Fjórðungssambands Vestfirðinga
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
- Tónlistarnám á framhaldsskólastigi
- Menntaskólinn á Ísafirði
- Málefni fatlaðs fólks
- Rannsóknarnefnd sjóslysa
- Aukin fjárframlög til hafnarmála
- Samgöngumál og fjarskipti
 - Innanlandsflug til Ísafjarðar, Bíldudals og á Gjögur eru almenningssamgöngur
 - Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði
- Hvalá. Kerfisáætlun

Einnig var samþykkt á þinginu að boða til aukabings um málefni Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest), þ.e. breytingar á samþykktum er varðar stjórn samlagsins og fjárhagsáætlanir.

Rætt um eftirfylgni gagnvart ráðuneytinum, þingmönnum og sveitarfélögum.

Samþykkt að leggja áherslu nú í október á málefni fatlaðs fólks og verði leitað til kynningarfyrirtækja í þeim efnum. Eftirfylgni annarra ályktana verði í þessari röð, heilbrigðismál, menntamál, samgöngu- og fjarskiptamál og atvinnumál.

Framkvæmdastjóri kynnti að ályktanir hefðu verið kynntar fjárlaganefnd Alþingis á fundi 7. október s.l., auk þess sem beiðni var sett fram um framlag vegna gerðar kerfisáætlunar fyrir Vestfirði.

Tekið til umræðu boðun aukabings BsVest. Samþykkt að boða til aukabings, miðvikudaginn 4. nóvember, kl 13.00. Þingið verði haldið á Hólmavík.

Framkvæmdastjóra falið að vinna að málefnum þingsins samkvæmt ályktun þar um og boða það í samræmi við samþykktir FV og BsVest.

b. Breyting samþykktar FV

Lögð fram samþykkt 60. Fjórðungsþings um breytingar á samþykktum FV sem taka gildi þann 1. janúar 2016. Framkvæmdastjóra falið að kynna breytingar fyrir sveitarfélögum.

c. Stefnumörkun FV

Kynnt samþykkt 60. Fjórðungsþings Vestfirðinga um að stjórn er falin nánari úrvinnslu stefnumörkunar FV sem stjórn lagði fyrir þingið. Rætt um tilhögun úrvinnslu. Formaður gerði tillögu um að vísa málinu til stjórnarfundar 14. janúar n.k. á Hólmavík. Á fundinn verði boðaðir framkvæmdastjórar og starfandi oddvitar með vísan til ákvæðis 9. gr samþykktar FV með áorðnum breytingum. Fundinn sitji einnig starfsmenn FV. Tillagan samþykkt.

d. Kosning úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða (UV).

Kynnt niðurstaða kosningar 60. Fjórðungsþings til úthlutunarnefndar UV á grundvelli 9. gr samþykktar með áorðnum breytingum. Kemur hún í stað úthlutunarnefndar sem stjórn FV skipaði á fundi sínum þann 11. maí s.l., auk þess nú eru kjörir varamenn fyrir hvern aðalfulltrúa.

Aðalmaður	Varamaður
Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Bíldudal	Matthías Ágústsson, Patreksfirði
Arna Lára Jónsdóttir, Ísafirði	Gunnar Jónsson, Ísafirði
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafirði	Helgi Hjálmtýrsson, Bolungarvík
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafirði	Ása Dóra Finnbogadóttir, Bíldudal
Finnur Ólafsson, Bjarnarfirði	Kolfinna Ingólfssdóttir, Reykhólum
Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvík	Martha Kristín Pálmadóttir, Ísafirði
Peter Weiss, Öfundarfirði	Örn Elías Guðmundsson, Súðavík
Sigurður Viggósson, Patreksfirði	Þórir Sveinsson, Patreksfirði
Viðar Guðmundsson, Kollafirði	Ásta Þórisdóttir, Hólmavík

Formaður þakkaði Dagnýju Sveinbjörnsdóttur, Ísafirði og Maríu Hildi Maack, Reykhólum fyrir setu í úthlutunarnefnd en aðrir aðalmenn sitja áfram í nefndinni.

Framkvæmdastjóri gerði tillögu um að nefndin verði kölluð saman í byrjun nóvember n.k., til að fara yfir ramma styrkúthlutana fyrir árið 2016 og gera tillögu til stjórnar FV. Miðað yrði við að tillaga nefndarinnar verði lögð fyrir stjórnarfund þann 12. nóvember n.k. og þá verði einnig settur fjárhagsrammi fyrir úthlutun ársins 2016.

e. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti að gerð yrði könnun á meðal sveitarstjórnarfulltrúa um skipulag og framkvæmd 60. Fj.þings og kalla einnig eftir áliti um framkvæmd Fjórðungsþings og haustþings samkvæmt samþykktum FV með áorðnum breytingum.

3. Samgöngumál

Formaður samgöngunefndar kynnti að samgöngunefnd FV hefði fjallað óformlega um þá þrjá dagskrárliði sem hér væru til umræðu.

a. Breytingar á fyrirkomulags gjaldskrárákvarðana í landsbyggðarstrætó.

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað frá 15. apríl 2015, frá Guðjóni Bragasoni, lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Péttri Þór Jónassyni, framkvæmdastjóra Eypings. Minnisblaðið var kynnt á vörfundum landshlutasamtaka sveitarfélaga (LHSS) þann 16. apríl s.l. og á grundvelli þess er gerð tillaga að samkomulagi LHSS um fyrirkomulag gjaldskrárbreytinga í almenningssamgöngum, sem LHSS annast á grundvelli samninga við Vegagerðina. Rætt um efni samkomulags sem m.a. felur í sér að aukinn meirihluti landshlutasamtaka geti ákveðið gjaldskrá.

Formaður gerði tillögu um að samþykkja efni samkomulags. Tillagan samþykkt.

b. Umsögn. Tillaga að umhverfismati Vestfjarðarveggar 60 í Gufudalssveit.

Framkvæmdastjóri kynnti að Skipulagsstofnun hefði með auglýsingu 28. september s.l., kynnt tillögu að umhverfismati Vestfjarðarveggar 60 í Gufudalssveit. Formaður samgöngunefndar kynnti efni tillögu að umsögn FV.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur kynnt sér efni tillögu að umhverfismatsáætlun Vegagerðarinnar vegna Vestfjarðarveggar (60) milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólasveit. Það er mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að tillagan taki á þeim þáttum er varða umhverfi, samfélag og atvinnulíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og sé í takt við stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum í samgöngumálum og í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019. Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að tillaga að umhverfismati verði samþykkt óbreytt.

Tillagan samþykkt og framkvæmdastjóra falið að kynna Skipulagsstofnun efni hennar.

c. Umsögn til Alþingis. Breytingar á Vsk á almenningssamgöngum.

Framkvæmdastjóri kynnti að Samband íslenskra sveitarfélaga myndi í dag skila umsögn til efnahags og viðskiptanefndar Alþingis, vegna máls nr 2. *ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga 2016 (breyting ýmissa laga)*. Samkvæmt frumvarpinu er m.a. gerð tillaga um að virðisaukaskattur verði lagður á almenningssamgöngum frá og með 1. janúar 2016. Í umsögn Sambandsins er lagst eindregið gegn þessari breytingu. Framkvæmdastjóri gerir að tillögu að FV sendi umsögn til efnahags og viðskiptanefnar þar sem lýst er stuðningi við álit Sambandsins. Tillagan samþykkt.

4. Umsagnir til Alþingis

a. Þingsályktun um landsskipulagsstefnu.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagnar tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026, 101. mál. Framkvæmdastjóri kynnti að landsskipulagsstefna væri nú lögð fram að nýju þar sem hún var ekki afgreidd á vörþingi, en FV hefði skilað umsögn á sínum tíma.

Formaður gerði tillögu að FV ítrekaði fyrri umsögn með áherslum á gerð haf og strandsvæðaskipulags og lögsaga sveitarfélaga til hafsins verði færð út sem nemur 1 sjómílu frá grunnlínupunkti. Auk þess sem lögð er áhersla á mikilvægi Reykjavíkurflugvallar í stefnumörkun um byggðamynstur í landinu. Tillagan samþykkt.

b. Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur sent til umsagnar frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál. Framkvæmdastjóri kynnti umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og lagði til að FV gerði umsögn lýsti stuðningi við umsögn Sambandsins. Tillagan samþykkt

5. Önnur mál.

a. Kynning á verkefnum atvinnuþróunarfélaga

Lagt fram til kynningar samantekt Byggðastofnunar á störfum atvinnuþróunarfélaga eða atvinnuþróunardeilda landshlutasamtaka á árinu 2014. Skjalið var unnið fyrir stjórn Byggðastofnunar og er nú kynnt stjórn FV.

b. Fundargerð samráðsfundar LHSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25. sept 2015

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c. Fundargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Frestað til næsta fundar.

Framkvæmdastjóri kynnti að hann hafi setið hluta haustþings SSV, sem haldið var á Hótel Gylmi, í Hvalfirði 7. okt. s.l. og flutt kveðju frá FV. Málefni þingsins voru samgöngu- og fjarskiptamál.

d. Ályktun um tillögu að samgönguáætlun 2015-2018.

Á haustþingi SSV um samgöngumál kom fram í máli sviðstjóra Vestursvæðis að tillaga að þingsályktun um samgönguáætlun 2015-2018, væri nú til kynningar í ríkisstjórn. Tillagan gerði ráð fyrir 900 mkr lægri fjárveitingu á árinu 2016 til samgöngumála en í tillögu að þingsályktunar frá í vor. Vegagerðin nú að vinna að útfærslu tillagna til að mæta þessum samdrætti.

Formaður gerði tillögu að ályktun.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga mótmælir harðlega lækkun áætlaðra framlaga til vegaframkvæmda á árinu 2016 samkvæmt tillögu um samgönguáætlun 2015-2018, sem nú er til umræðu í ríkisstjórn. Áætlað er að lækkun nemi um 900 mkr miðað við forsendur tillögu að samgönguáætlun 2015-2018 sem ekki var afgreidd á vörðingi 2015. Þessi lækkun mun koma hart niður á þeim fáu nýframkvæmdum sem hafa verið boðnar út eða eru komin á framkvæmdaáætlun. Á Vestfjörðum er það m.a. framkvæmdir á Bjarnarfjarðarhálsi og ný brú á Bjarnarfjarðará og undirbúningur framkvæmda í Gufudalssveit og Dýrafjarðargangna. Einnig má óttast skerðingu á vetrarþjónustu sem er þvert á stefnu stjórnvalda um heilsárs ferðaþjónustu um lallt land m.a. með markaðssetningu gagnvart erlendum ferðamönnum. Stjórn FV krefst þess að tillaga um lækkun framlaga verði dregin til baka og ítrekar ályktun 60. Fjórðungsþing Vestfirðinga um að framlög til samgöngumála verði aukin verulega.

e. Mál – Garðar Jónsson – miskabætur. Tillaga að málalokum.

Lagt fram bréf dags 7. október 2015 til FV og Íslensku auglýsingarstofunnar frá Ólöfu Heiðu Guðmundsdóttur hdl, fyrir hönd Garðars Jónssonar. Gerð er tillaga að greiðslu fjárhæðar fyrir 15. október n.k., sem miskabætur vegna afnota af Markaðsstofu Vestfjarða af ljósmynd sem Garðar Jónsson sést á. Fjórðungssamband Vestfirðinga gerði viðkomandi tilboð til lausn málsins með tölvupósti þann 29. maí s.l., tilboðinu var ekki svarað og rann því út.

Formaður gerir tillögu um að henni, verkefnastjóra Markaðsstofu og framkvæmdastjóri verði falið að ræða við lögmann FV um stöðu málsins. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.30.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson